

## 47. aðalfundar Félags íslenskra landslagsarkitekta þriðjudaginn 29. apríl 2025

Fundurinn var haldinn í Hannesarholti, Grundarstíg 10 101 Reykjavík kl. 17 – 20. Alls voru mættir 20 félagsmenn.

Inga Rut Gylfadóttir er fundarstjóri.  
Guðrún Birna Sigmarsdóttir er fundarritari.  
Samþykkt einróma.

### 1. Ársskýrsla stjórnar

Ómar Ingbórsson, formaður FÍLA, kynnir aðalskýrsluna.

Formaður fer yfir viðburði ársins, áhugaverður fundur var haldinn með borgarhönnuðum þar sem við ræddum um að bjóða þá velkomna inn í félagið.

Lítill samskipti við Landbúnaðarháskólann. Má velta því upp hvort hægt og áhugi sé fyrir því að opna á þau samskipti og samvinnu.

Landslag var tilnefnt sem staður ársins hjá Miðstöð hönnunar og arkitektúrs á hönnunarverðlaununum – Þrístapar.

Tveir viðburðir á Hönnunarmars þar sem tilgreint var að unnið væri í samstarfi við FÍLA en stjórn var ekki meðvituð um það samstarf.

### 2. Skýrsla nefnda og IFLA fulltrúa

1. Dagskrárnefnd:  
Sif formaður, Svava og Aðalheiður  
Sif auglýsir dagskrá næstu missera.
2. Laganefnd:  
Virkjuð þetta árið  
Enginn fulltrúi frá laganefnd
3. Samkeppnisnefnd:  
Ekki verið samkeppni í nokkurn tíma.  
Enginn fulltrúi frá samkeppnisnefnd.
4. Menntanefnd:  
Svanhildur Gunnlaugsdóttir, formaður menntanefndar fer yfir skýrslu menntanefndar.  
Sem félag getum við ekki sett af stað nám en viljum auka samstarf.  
Áhugi um að rifja upp þann samning sem var gerður við LbhÍ.  
Á lista IFLA eru nokkrir skólar sem eru ekki á listanum, stuðst er við listann þegar umsækjendur eru samþykktir til löggildingar. Við það skapast meiri vinna við að finna út hvort að nemendurnir séu matshæfir.  
Umræður um stöðu námsins á Hvanneyri og framtíðarhorfur.
5. IFLA-fulltrúi:

Fríða Björk Eðvardsdóttir fer yfir starf fulltrúans, verkefni IFLA og virk verkefni á starfsárinu.

6. Fulltrúi FÍLA í Hönnunarmiðstöð:  
Kynna Hönnunarverðlaunin og hvetja félagsmenn til þess að mæta á þessa miklu hátíð.
7. Orðanefnd:  
Nefndin ekki starfandi – en hvött til þess að hefja aftur störf fyrir ráðstefnu 2028
8. Garðsöguhópur FÍLA:  
Nefndin ekki starfandi
9. Siðanefnd:  
Engin mál á dagskrá
10. Fulltrúaráðsfundur:  
Formenn nefnda komu á fund stjórnarinnar.  
Fengum Halldór (Tark) ræddum höfundarrétt hönnuða.

### 3. Kynning á nýjum félögum

1. Hrönn Valdimarsdóttir
2. Elín Erla Káradóttir
3. Kolbrún Oddsdóttir

### 4. Ársreikningur

Daníel Jakobsson fer yfir ársreikninginn.  
Ársreikningur: samþykkt einróma.

### 5. Árgjöld félaga

Daníel Jakobsson fer yfir árgjöld félaga.  
Leggur til að félagsgjöldin verði ekki hækkuð: samþykkt einróma.

### 6. Lagabreytingar

Stjórn FÍLA leggur til eftirfarandi lagabreytingar:

Spurning úr sal:

Ragnhildur: Hvað eru margir lögverndaðir 80% félagsmanna eru með lögverndun.

Við erum með landslagshönnun í okkar reglum til þess að aðrir geti ekki nýtt þann titil sem gæti valdið ruglingi.

Kosning eftirfarandi lagabreytinga:

Lagabreyting 3. gr laga FÍLA er Samþykkt af öllum viðstöddum að undanskyldum einum sem sat hjá.

Lagabreyting 4. gr laga FÍLA er Samþykkt af öllum viðstöddum að undanskyldum einum sem sat hjá. Lagabreyting 6. gr laga FÍLA er Samþykkt einróma.

Breytingar voru gerðar á 3.gr laga og er tilgreint með rauðu letri hér að neðan.

### 3. gr. fyrir breytingu

Fullgildir félagsmenn geta þeir orðið sem lokið hafa námi í landslagsarkitektúr við menntastofnanir sem eru viðurkenndar af félaginu.

Sá sem hefur fengið löggildingu starfsheitis sbr. 3. gr. laga um löggildingu starfsheita 1), getur sótt um inngöngu í félagið. Með inngöngu öðlast hann rétt til að nota skammstöfunina FÍLA.

Fullgildir félagsmenn hafa atkvæðisrétt á fundum og rétt til að sitja í nefndum og stjórn félagsins.

- 1) Nú:Lög um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum nr. 8/1996, með áorðnum breytingum, síðast breytt 17.02.2000.

### 3. gr. eftir breytingu

Fullgildir félagsmenn geta þeir orðið sem:

1. lokið hafa MS námi í landslagsarkitektúr við menntastofnanir sem viðurkenndar eru af félaginu og uppfylla skilyrði IFLA Europe um nám í landslagsarkitektúr. Sá sem hefur fengið löggildingu starfsheitis sbr. 3. gr. laga um löggildingu starfsheita 1), getur sótt um inngöngu í félagið. Með inngöngu öðlast hann rétt til að nota skammstöfunina FÍLA.

1) Nú:Lög um löggildingu nokkurra starfsheita sérfræðinga í tækni- og hönnunargreinum nr. 8/1996, með áorðnum breytingum, síðast breytt 17.02.2020.

2. lokið hafa sambærilegu mastersnámi og nefnt er í 1. lið og uppfylla skilyrði stjórnar og menntanefndar, sem finna má í reglum um félagsaðild, sem samþykktar hafa verið af stjórn FÍLA.

---

Þeir sem hljóta inngöngu í félagið skv. 2. lið 3. greinar laga félagsins, geta ekki kallað sig landslagsarkitekt eða landslagshönnuð, þar sem það er lögverndað starfsheiti. Þessir aðilar mega bæta FÍLA aftan við starfstítl sinn.

---

### 4.gr fyrir breytingu

Nemar í landslagsarkitektúr geta sótt um námsmannaaðild stundi þeir nám við menntastofnanir sem félagið viðurkennir, sbr. 3.gr. Námsmannaaðild veitir hvorki rétt til setu í stjórn eða nefndum félagsins.

### 4.gr eftir breytingu

Nemar í landslagsarkitektúr eða sambærilegu námi geta sótt um námsmannaaðild stundi þeir nám við menntastofnanir sem félagið viðurkennir, sbr. 3.gr. Stjórn FÍLA hefur heimild til að tilnefna einn nema sem áheyrnarfulltrúa í stjórn FÍLA en hann hefur þar ekki atkvæðis- eða tillögurétt. Námsmannaaðild veitir að öðru leyti hvorki rétt til setu í stjórn eða nefndum félagsins.

#### 6.gr. fyrir breytingu

Árgjald félagsmanna skal ákveða á aðalfundi ár hvert að fengnum tillögum stjórnar. Aðalfundur tekur ákvörðun um fjölda gjalddaga á ári. Félagsgjöld skiptast í A-, B-, C- og D-gjöld.

- A-gjald er fullt félagsgjald.
- B-gjald er 80% af fullu félagsgjaldi og um það geta sótt félagar sem eru búsettir í lengra en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.
- C-gjald er 50% af fullu félagsgjaldi. Um það geta sótt:
  - félagar sem eru búsettir erlendis.
  - nýir félagar fyrstu tvö árin eftir útskrift.
  - félagar sem vegna sérstakra aðstæðna, sem stjórn telur gildar, hafa þörf fyrir lækkun árgjalds.
- D-gjald er 20% af fullu félagsgjaldi og er fyrir námsmenn.
- Heiðursfélagar og félagar 65 ára og eldri, er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu, eru undanþegnir félagsgjaldi.
- Þeir sem greiða A-, B- og C-gjöld hafa sömu réttindi og skyldur gagnvart félaginu.

#### 6.gr. eftir breytingu

Árgjald félagsmanna skal ákveða á aðalfundi ár hvert að fengnum tillögum stjórnar. Aðalfundur tekur ákvörðun um fjölda gjalddaga á ári. Félagsgjöld skiptast í A-, B-, C- og D-gjöld.

- A-gjald er fullt félagsgjald.
- B-gjald er 80% af fullu félagsgjaldi og um það geta sótt félagar sem eru búsettir í lengra en 100 km fjarlægð frá höfuðborgarsvæðinu.
- C-gjald er 50% af fullu félagsgjaldi. Um það geta sótt:
  - félagar sem eru búsettir erlendis.
  - nýir félagar fyrstu tvö árin eftir útskrift.
  - félagar sem vegna sérstakra aðstæðna, sem stjórn FÍLA telur gildar, hafa þörf fyrir lækkun árgjalds.
- D-gjald er 20% af fullu félagsgjaldi og er fyrir námsmenn.
- Heiðursfélagar eru undanþegnir félagsgjaldi.
- **Félagar 67 ára og eldri, er hafa verið a.m.k. 10 ár í félaginu, geta sótt skriflega um að vera undanþegnir félagsgjaldi**
- Þeir sem greiða A-, B- og C-gjöld hafa sömu réttindi og skyldur gagnvart félaginu.

## REGLUR

um mat á umsóknum um félagsaðild í FÍLA, skv. lið 2 í 3. gr. laga félagsins.

Reglur þessar gilda um félagsaðild þeirra sem sækja um aðild að FÍLA skv. lið 2) 3. greinar laga FÍLA, og bera því ekki starfstítilinn Landslagsarkitekt, en hafa lokið sambærilegu mastersnámi.

#### 1.grein

Stjórn FÍLA leggur hlutlaust mat á umsóknir sem henni berast og skal jafnframt leita álits menntanefndar FÍLA áður en ákvörðun um félagsaðild er tekin. Mat stjórnar byggist á kröfum félagsins til menntunar umsækjanda samkvæmt 2. gr. þessara reglna.

## 2. grein

Stjórn FÍLA byggir mat sitt á eftirfarandi kröfum til menntunar umsækjenda og skal umsækjandi uppfylla öll þessi skilyrði:

- Umsækjandi skal hafa lokið Bs prófgráðu í landslagsarkitektúr (eða umhverfisskipulagi frá LBHÍ) frá viðurkenndum háskólum sem uppfylla kröfur IFLA Europe um nám og sem samsvarar minnst 180 ECTS stigum.
- Umsækjandi skal auk þess hafa lokið framhaldsmenntun á nátengdu fagsviði við landslagsarkitektúr, s.s. á sviði hönnunar og skipulags, sem samsvarar minnst 120 ECTS stigum (MA/MS námsgráða).
- Próf skulu vera frá háskóla eða háskólum sem veita fullnægjandi menntun á viðkomandi fagsviði.
- Heildarlengd náms sem metið er sambærilegt nám í MS í landslagsarkitektúr skal að jafnaði vera 5 ár, eða sem samsvarar 300 ECTS stigum og er metið sambærilegt við þær kröfur sem félagið gerir til náms í MS í landslagsarkitektúr.

## 3. grein

Þeir sem hljóta inngöngu í félagið skv. 2. lið 3. greinar laga félagsins, geta ekki kallað sig landslagsarkitekt eða landslagshönnuð, þar sem það er lögverndað starfsheiti.

## 7. Kosning stjórnar / Breytingar á stjórn, nefnum og vinnuhópum

1. Ómar Ingþórsson gefur ekki kost á sér sem formaður FÍLA – Þórhildur Þórhallsdóttir býður sig fram – engin mótframboð. Samþykkt einróma.
2. Daníel Jakobsson gefur ekki kost á sér sem gjaldkeri – Hrönn Valdimarsdóttir býður sig fram – engin mótframboð. Samþykkt einróma.
3. Guðrún Birna Sigmarsdóttir býður sig fram til stjórnar – engin mótframboð. Samþykkt einróma.
4. Sif Hjaltdal Pálsdóttir býður sig fram til stjórnar – engin mótframboð. Samþykkt einróma.
5. Svanhildur Gunnlaugsdóttir býður sig fram til stjórnar – engin mótframboð. Samþykkt einróma.

Engar aðrar breytingar urði á stjórn, nefndum og vinnuhópum.

## 8. Kosning IFLA fulltrúa og fulltrúaráð Hönnunarmiðstöðvar

Fríða Eðvaldsdóttir býður sig fram fram – engin mótframboð. Samþykkt einróma.

Inga Rut Gylfadóttir býður sig fram sem fulltrúa fyrir Miðstöð hönnunar og arkitektúrs - engin mótframboð. Samþykkt einróma.

## 9. Kosning félagskjörinna reikningsskoðenda

Þórólfur Jónsson og Finnur Kristinsson samþykktir einróma.

## 10. Kosning nefnda

1. Dagskránefnd: allir meðlimir gefa kost á sér til starfa nema Aðalheiður E. Kristjánsdóttir sem gefur ekki kost á sér, staðgengill tilnefndur síðar.
2. Laganefnd: allir meðlimir gefa kost á sér til starfa.
3. Menntanefnd: allir meðlimir gefa kost á sér til starfa.

4. Samkeppnisnefnd: allir meðlimir gefa kost á sér til starfa, Hermann Georg Gunnlaugsson bætist í hópinn.
5. Orðanefnd: allir meðlimir gefa kost á sér til starfa.
6. Siðanefnd: allir meðlimir gefa kost á sér til starfa.

## 11. Önnur mál

Hermann:

Ekki vilji til þess að stofna meistaranám í landslagsarkitektúr á Íslandi hjá LbhÍ og mikil þörf á eflingu menntunar.

Ásta Camilla:

Þjóðarbókhlaðan ásamt öðrum staðsetningum í Reykjavíkurborg: búið að planta stakstæðum trjám og vinnubrögð garðyrkjudeildar Reykjavíkurborgar ekki samkvæmt hönnun svæða og vanvirðir landslagshönnun meðal annars frá Reyni Vilhjálmsyni. Óskað er eftir því að stjórn FÍLA á starfsárinu 2024-2025 taki á þessu máli og óski eftir svari frá borginni.

Félagsmenn eru einnig hvattir til þess að láta í sér heyra, skrifa greinar og vekja athygli á mikilvægi landslagsarkitektúrs.

